




Samantekt og sjónarmið Íslandsbanka vegna sáttar bankans við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

Íslandsbanki harmar þá ágalla sem fram hafa komið í niðurstöðu rannsóknar fjármálaeftirlitsins og lítur þá alvarlegum augum. Bankinn mun leggja sig fram við að styrkja áhættumeningu í bankanum.

Bankanum hafa borist fyrirspurnir, frá hluthöfum, viðskiptavinum, fjölmiðlum og fleiri hagaðilum, þar sem óskað er eftir skýringum og sjónarmiðum bankans um einstök atriði sem fram koma í sáttinni. Af þeim sökum hefur bankinn tekið saman þessa greinargerð, þar sem farið er yfir niðurstöður rannsóknar fjármálaeftirlitsins, eins og hún er sett fram í sáttinni, og skýringar og sjónarmið bankans settar við hvern lið. Stendur von bankans til þess að með þessari greinargerð fái sem flestir svör við spurningum sínum og geti dregið eigin ályktanir af þeim. Að því marki sem bankinn mun eða hefur svarað einstökum fyrirspurnum beint, verða þau svör jafnframt birt á þessum sama vettvangi.

I. Um sátt Íslandsbanka við Seðlabanka Íslands



II. Um málsmeðferð

Útboð á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka fór fram þann 22. mars 2022. Mikil umræða skapaðist í samfélaginu í kjölfar útboðsins, sem leiddi til þess að þann 11. apríl 2022 fól stjórn Íslandsbanka innri endurskoðanda að gera úttekt á framkvæmd bankans á útboðinu. Innri endurskoðandi skilaði skýrslu sinni þann 5. maí 2022, sem var þá þegar send til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Í skýrslunni komu fram brotalamir á framkvæmd bankans á útboðinu, m.a. kom fram að fjöldi símtala var ekki í upptöku, eins og lög bjóða, ekki hafði verið framkvæmt sérstakt áhættumat á verkefninu, ekki var unnin hagsmunaárekstragreining. Einnig voru brotnar reglur við flokkun viðskiptavina og með þátttöku viðskiptavina eignastýringar bankans.

Stjórn bankans setti þegar af stað úrbótaáætlun, m.a. var í maí og júnímánuði 2022 reglum um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga breytt, stefna og reglur um hagsmunaárekstra voru uppfærðar og farsímar þeirra starfseininga sem um ræðir settir í skilyrðislausu upptöku. Stjórn bankans hefur itrekað fjallað um þau vanhöld sem voru á framkvæmd útboðsins og fylgt eftir þeim ábendingum sem fram komu í skýrslu innri endurskoðanda.

Fjármálaeftirlitið hóf rannsókn á framkvæmd Íslandsbanka á útboðinu með gagnabeiðni sem barst Íslandsbanka þann 12. apríl 2022. Íslandsbanka barst frummat eftirlitsins þann 30. desember 2022 og var gefinn kostur á að koma athugasemdum sínum og sjónarmiðum á framfæri fyrir 15. febrúar 2023. Íslandsbanki óskaði eftir að ljúka málinu með sátt þann 6. janúar 2023 og byggði sú ósk á því að fjármálaeftirlitið vakti athygli á þeim möguleika í frummatinu og stjórn bankans taldi hagsmunum bankans best borgið með þeim málalokum.

Tillaga fjármálaeftirlitsins að sátt, barst Íslandsbanka þann 9. júní s.l. og samþykkti stjórn bankans sáttina þann 22. júní 2023. Stjórn Íslandsbanka mat það svo að hagsmunum bankans væri best borgið með því að samþykkja sáttina eins og hún var sett fram af hálfu fjármálaeftirlitsins. Fyrir lá að bankinn hafði gerst brotlegur gagnvart lögum og innri reglum, t.d. skort á upptöku símtala, hagsmunaárekstramat var ekki framkvæmt, ekkert áhættumat var unnið o.fl. Voru þau brot sem fyrir lágu þess eðlis að bankinn hefði að öllum líkindum fengið hærri sekt ef málinu hefði lokið með ákvörðun fjármálaeftirlitsins. Þegar stjórn bankans hafði lagt heildstætt mat á málið, taldi hún hagsmunum bankans best borgið með því að samþykkja sáttina og beina kröftum að vinnu við úrbætur samkvæmt sáttinni.

Hér á eftir verður farið yfir einstaka niðurstöður fjármálaeftirlitsins, eins og þær koma fram í sáttinni, og skýringar og sjónarmið bankans eru sett fram undir hvern niðurstöðukafla.

1. Ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi brotið gegn 1. mgr. 32. gr. [laga 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga] (mffl.), 2. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 41. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. mgr. 32. gr. mffl., með því að greina ekki hagsmunaárekstra í tengslum við verkefni málsaðila tengd sölufurðinu á 22,5% hlut ríkisins í málsaðila. Skorti því á að framkvæma mat á því hvort ráðstafanir málsaðila vegna hagsmunaárekstra hafi verið fullnægjandi, hvort þörf væri á frekari ráðstöfunum vegna verkefnisins eða hvort málsaðili ætti að láta ógert að taka að sér hlutverk umsjónar- og uppgjörsaðila útboðsins. Nánar tiltekið er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi ekki framkvæmt og skjalfest greiningu á hagsmunaárekstrum í eftirfarandi tilvikum:

- Í aðdraganda eða kjölfar kynningar málsaðila fyrir STJ Advisors 7. febrúar 2022 þar sem fram kemur að Fyrirtækjaráðgjöf, Verðbréfamiðlun og Eignastýring myndu vinna að verkefninu.
- Þegar framkvæmdastjóri hjá málsaðila óskaði eftir fundi með Regluvörslu í tölvupósti 8. febrúar 2022 eða í kjölfar þess fundar hinn 23. febrúar 2022.
- Áður en viðskiptasamband komst á milli málsaðila og Bankasýslu ríkisins hinn 4. mars 2022, þegar málsaðili gekk að skilmálum Bankasýslu ríkisins um að taka að sér hlutverk umsjónar- og uppgjörsaðila, með fyrirvörum.
- Áður en verksamningur við Bankasýslu ríkisins var undirritaður 22. mars 2022.

Íslandsbanki hefði átt að vinna ýtarlega hagsmunaárekstragreiningu áður en bankinn tók verkefnið að sér og í aðdraganda þess. Hins vegar var slík greining ekki unnin og því ekki hægt að meta hvort ráðstafanir bankans vegna hagsmunaárekstra hafi verið fullnægjandi, hvort þörf væri á frekari ráðstöfunum vegna verkefnisins eða hvort bankinn hefði átt að láta það ógert að taka að sér hlutverk umsjónar- og uppgjörsaðila útboðsins.

Verklagsreglur viðskiptaeininga hafa verið endurskoðaðar með það að markmiði að tryggja að hagsmunaárekstragreining sé ávallt framkvæmd þegar við á. Breytingar hafa jafnframt verið gerðar til að endurspeglar lagabreytingar að fullu og til að tryggja að bankinn geri allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra.

2. Þátttaka starfsmanna og stjórnenda málsaðila í útboðinu

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 32. gr. mffl. með því að framkvæma ekki greiningu á hagsmunaárekstrum svo að hægt væri að taka ákvörðun um hvort starfsmönnum væri heimilt að taka þátt í útboðinu hinn 22. mars 2022. Í ljósi þess að verkefnið skapaði hættu á hagsmunaárekstrum líkt og rakið hefur verið í framangreindri umfjöllun, var skylda málsaðila til að ráðast í slíka greiningu sérstaklega rík að mati fjármálaeftirlitsins. Forsendur til að taka ákvörðun um hvort starfsmönnum væri heimilt að taka þátt í útboðinu á grundvelli reglna málsaðila um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum voru ekki til staðar vegna skorts á greiningu hagsmunaárekstra.

Hefði fullnægjandi hagsmunaárekstragreining verið unnin, hefði slík greining átt að leiða til þess að starfsmönnum yrði meinuð þátttaka í útboðinu.

Heimildir starfsmanna til að eiga verðbréfaviðskipti fyrir eigin reikning hafa nú verið þrengdar verulega og í tilvikum verðbréfamiðlunar og eigin viðskipta er tekið fyrir slík viðskipti með öllu. Allir starfsmenn hafa fengið fræðslu um breytingar á reglunum og um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

3. Aðskilnaður starfssviða

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 32. gr. mffl. sbr. a-lið 3. mgr. 34. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr. mffl. með því að tryggja ekki fullnægjandi aðskilnað Fyrirtækjaráðgjafar og Verðbréfamiðlunar. Þá er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 2. mgr. 21. gr. mffl. með því að tryggja ekki skilvirkni skipulags- og stjórnunarfyrikomulags málsaðila, sem á að gera honum kleift að grípa til allra tiltækra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skv. 32. gr. mffl. hafi neikvæð áhrif á hagsmunir viðskiptavina.

Bankinn starfar samkvæmt reglum um aðskilnað starfssviða, þannig eru mismunandi deildir bankans aðskildar í rými og tölvukerfum eins og lög bjóða. Þegar um er að ræða samstarfsverkefni, þar sem að koma starfsmenn mismunandi deilda, getur þurft að færa starfsmann tímabundið úr sínu rými og endurskoða/takmarka tölvuaðgang. Starfsmaður verðbréfamiðlunar var færður of seint úr rými verðbréfamiðlunar, það hefði borið að gera það mun fyrr í ferlinu. Á þessu hefur nú verið tekið, með fræðslu og uppfærðum verklagsreglum sem eiga að tryggja að unnið sé fullnægjandi mat á hagsmunaárekstrum og þ.m.t. að litið sé til þess hvort þörf sé á að færa starfsmenn tímabundið til á meðan að verkefni er unnið og á hvaða tímapunkti verkefnisins slík færsla eigi að fara fram.

4. Uppfærsla á stefnu og reglum málsaðila um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 21. gr. mffl. með því að hafa ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að uppfæra innri reglur og stefnu málsaðila um hagsmunaárekstra í samræmi við lög um markaði fyrir fjármálagerninga þrátt fyrir mörg nýmæli sem fólust í fyrrgreindum lögum. Innri reglur og stefna málsaðila um hagsmunaárekstra sem í gildi voru í aðdraganda og við framkvæmd útboðs á 22,5% hlut ríkisins í málsaðila endurspegluðu ekki ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Bankanum hefði verið rétt að endurskoða stefnuna að nýju við gildistöku laganna. Áður höfðu reglur verið uppfærðar til samræmis við frumvarp að nýjum lögum, en orðalag og tilvísanir var ekki endurskoðað við eiginlega gildistöku nýju laganna.

Stefna um hagsmunaárekstra og reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum hafa verið uppfærðar m.t.t. þeirra annmarka sem fram komu í frummati fjármálaeftirlitsins og síðar sáttinni, en þeim er ætlað að tryggja að bankinn geri allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra.

Tíðni endurskoðunar reglna um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og stefnu um hagsmunaárekstra hefur verið breytt og mun endurskoðun fara fram árlega í stað annars hvers árs áður. Auk þess fylgist lagaráð bankans með öllum breytingum á regluverki og upplýsir hagaðila um allar breytingar jafnharðan, svo að bregðast megi við og gera breytingar á innri reglum og verkferlum.

5. Áhættumat málsaðila

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn þágildandi l. másl. l. mgr. 17. gr. [laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki] (fftl.), sem felur í sér skyldu til að hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við starfsemi málsaðila sem birtist í því að hann framkvæmdi ekki áhættumat í tengslum við aðkomu málsaðila að söluferli á 22,5% hlut ríkisins í málsaðila.

Í ljósi þess að útboðið hafði með hlutabréf í bankanum sjálfum að gera og sem voru í ríkiseigu, hefði átt að vinna ýtarlegt áhættumat og leggja mat á þá áhættu sem slíku útboði fylgir. Helst ber þar að nefna orðsporsáhættu, stjórnmalalega áhættu og hættu á hagsmunaárekstrum, t.d. með þátttöku starfsmanna. Verklagsreglur hafa verið og verða uppfærðar til að tryggja að viðeigandi áhættumat fari fram við upphaf viðskipta/verkefna. Farið verður yfir alla þjónustu (vörur) fyrirtækja og fjárfesta og viðeigandi áhættumat gert á þjónustunni (vörunni) sem slíkri. Skilgreind verða viðmið fyrir áhættumat og ákvörðunum um framhald vinnu vísað til viðeigandi aðila eftir niðurstöðu áhættumats.

Verklagsreglur viðskiptaæininga hafa nú verið uppfærðar svo að við upphaf viðskipta/verkefnis ber starfsmönnum að leggja mat á áhættuþætti tengda verkefninu og/eða viðskiptavini áður en vinna við verkefnið hefst. Jafnframt vísast til skyldu til að vinna hagsmunaárekstragreiningu sem skert hefur verið á, sem tengist vinnu við áhættumat beint og óbeint.

6. Skráning og varðveisla símtala og annarra rafrænna samskipta

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn l. másl. 2. mgr. 23. gr. mffl. með því að skrá ekki og varðveita símtalsupptökur vegna 162 símtala sem starfsmenn hans áttu í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5% hlut ríkisins í málsaðila 22. mars 2022. Þá er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi ekki gert allar tiltækar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn eigi aðeins í samskiptum við viðskiptavini sem hann getur varðveitt og afritað, m.a. samskipti sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta fyrir eigin reikning eða móttöku, miðlunar og framkvæmdar fyrir mæla viðskiptavina. Með háttseminni braut málsaðili gegn 2. másl. 2. mgr. 23. gr. mffl. Jafnframt

er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi brotið gegn 6. mgr. 76. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. og 23. gr. mffl., um að reglulegt eftirlit með upptökum/skrám um viðskipti og fyrirmæli skuli vera áhættumiðað og hæfilegt að umfangi, með vísan til framangreindrar umfjöllunar um að hlítu við reglur um hljóðupptökur hafi verið viðvarandi vandamál hjá málsaðila um langt skeið án þess að gripið hafi verið til fullnægjandi ráðstafana eða aðgerða sem tryggi að ákvæðum 23. gr. mffl., sbr. 76. gr. framseldu reglugerðarinnar, sé fylgt í hvívetna hjá málsaðila.

Bankinn hafði, við gildistöku nýrra laga um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II), innleitt lausn sem gerði ráð fyrir að starfsmenn stilltu á upptöku þeirra símtala sem þeir fengu í farsíma og skylt var að taka upp, þ.e. símtala sem leiddu eða leiða kynnu til viðskipta. Sú lausn reyndist því miður ekki fullnægjandi. Lausninni var ekki fylgt eftir með nægilegri þjálfun, fræðslu og eftirliti. Stjórnendum bar að sjá til þess að starfsmenn höfðu símtölum sem ekki voru í upptöku og eftir á að tryggja voru það mistök hjá bankanum að styðjast við tæknilausn sem krafðist þess að starfsmaður tæki sérstakt skref til að tryggja upptöku. Öll símtöl í borðsíma voru, eftir sem áður, í upptöku.

Breytingar á reglum og verklagi um hljóðritun símtala og rekjanleika viðskiptafyrirmæla hafa verið innleiddar. Í þeim felast m.a. skilyrðislausar hljóðritanir á farsíma þeirra starfsmanna sem undir reglurnar heyra, reglur um rekjanleika viðskiptafyrirmæla hafa verið uppfærðar og jafnframt er búið að efla vöktun og eftirlit með hljóðritunum.

Jafnframt var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að styrkja umgjörð um varðveislu viðskiptafyrirmæla og samskipta. Hópurinn hefur þegar skilað niðurstöðum með tillögum sínum, sem m.a. hafa leitt af sér fyrrgreindar breytingar. Samkvæmt tillögu starfshópsins er lögð aukin áhersla á fræðslu, þjálfun og innleiðingu breytinga, með það að markmiði að byggja upp sterkari áhættumenningu þar sem lögð verður sérstök áhersla á að tryggja að starfsmenn hlíti þeim lögum og reglum sem um störf þeirra gilda. Umfangsmikil fræðsla fór fram innan bankans í aðdraganda gildistöku MiFID II sem hefði átt að tryggja hlítu við lögin. Hefur því verið skerpt á ábyrgð stjórnenda í viðskiptaeiningum við að tryggja hlítu við reglur og á ábyrgð upplýsingatæknisviðs á tæknilegri umgjörð við skráningu símtala og samskipta.

7. Flokkun viðskiptavina

a. Átta aðilar ranglega flokkaðir

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að flokkun viðskiptavina málsaðila á grundvelli 1. mgr. 54. gr. mffl. hafi í 8 tilfellum verið framkvæmd án þess að uppfylla að minnsta kosti tvö af þremur skilyrðum sem talin eru upp í 3. másl. 1. mgr. 54. gr. mffl., sbr. kafla 2.2.2. í reglum málsaðila um flokkun viðskiptavina. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að framkvæmd málsaðila hafi brotið gegn 1. mgr. 54. gr. mffl.

Í fimm tilvikum taldi fjármálaeftirlitið framlögð gögn um verðbréfaeign ekki vera fullnægjandi. Í einu tilviki taldi fjármálaeftirlitið að tiltekin framvirk viðskipti gætu ekki talist fela í sér verulega áhættu þar sem þau innihéldu „stop loss“ ákvæði og gætu þar með ekki talið í fjölda færslna. Íslandsbanki fór ekki eftir eigin verklagsreglum við flokkun tveggja viðskiptavina þar sem ekki var horft til innri reglna sem mæltu fyrir um að við mat á fjölda færslna skyldi eingöngu horft til viðskipta yfir tiltekinni fjárhæð.

Ný yfirlit yfir eignastöðu viðskiptavina hafa verið innleidd, svo skýrt sé að yfirlit sýni óskuldsetta eignastöðu. Að auki stendur yfir vinna við uppfærslu verklagsreglna og vinnuleiðbeininga. Nýjum reglum er ætlað að leiða til þess að stuðst sé við áreiðanleg gögn, svo hafið sé yfir vafa að rétt sé staðið að flokkun hverju sinni og jafnframt að vistun gagna sé tryggð, svo ætið sé hægt að sýna fram á með óbyggjandi hætti við hvaða gögn var stuðst hverju sinni.

b. Bankinn hafði frumkvæði að flokkun

Það er mat fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 54. gr. mffl. Með því að hafa ýmist haft frumkvæði að og/eða hvatt 21 viðskiptavin sinn til að óska eftir því að hafa stöðu fagfjárfestis og þar með afsala sér réttarvernd sem tryggð er almennum fjárfestum. Við túlkun á inntaki 54. gr. mffl. Hefur fjármálaeftirlitið m.a. hliðsjón af orðalagi ákvæðisins, sbr. „Aðilar sem ekki teljast fagfjárfestar geta óskað eftir því“ í 1. másl. 1. mgr. ákvæðisins og „Til að viðskiptavinir skv. 1. mgr. geti óskað eftir því að teljast fagfjárfestar [...]“ í 1. másl. 3. mgr. ákvæðisins. Reglur og verklagsregla málsaðila um flokkun viðskiptavina notast við orðalag 54. gr. mffl. Þá lítur fjármálaeftirlitið einnig til Spurt og svarað ESMA um ákvæði MIFID2 þar sem fjallað er um framkvæmd breytinga á flokkun viðskiptavina. Þar er skýrt tekið fram að slík flokkun eigi ávallt að vera að frumkvæði viðskiptavinarins. Verðbréfafyrirtæki eigi að forðast í lengstu lög að hvetja til, þrýsta á eða hafa frumkvæði að því að viðskiptavinur afsali sér réttarvernd.

Íslandsbanka bar að beina útboðinu eingöngu að þeim fjárfestum sem þegar voru skráðir hæfir fjárfestar í kerfum bankans. Eingöngu hefði borið að breyta flokkun þeirra fjárfesta sem eftir því leituðu, alfarið að eigin frumkvæði og áður en útboð hófst. Á þessu hefur verið skerpt í verklagsreglum þeirra eininga sem annast þjónustu við fjárfesta. Aukin áhersla verður lögð á hvernig nálgun við fjárfesta skuli háttað, í fræðslu og vinnuleiðbeiningum.

c. Bankinn miðaði við að flokkun væri lokið við uppgjör viðskipta

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að framangreind framkvæmd málsaðila, að miða við að flokkun viðskiptavina yrði lokið fyrir uppgjör viðskipta, hafi brotið gegn 1. mgr. 54. gr. mffl. Til að markmið laganna nái fram að ganga, þ.m.t. veita fjárfestum viðunandi réttarvernd eftir flokkun, hefði málsaðila borið að ljúka við flokkunina áður en útboðinu var beint að viðskiptavinum, m.a. til að gæta að hagsmunum þeirra. Með háttseminni bauð málsaðili 11 almennum fjárfestum og þremur óflokkuðum viðskiptavinum að taka þátt í útboði eingöngu ætlað fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum. Þar af leiðandi gat málsaðili ekki haft nægilega vissu fyrir því að viðskiptavinirnir uppfylltu skilyrði flokkunar þegar útboðinu var beint til þeirra og þeim gert kleift að leggja fram skuldbindandi tilboð. Með háttsemi sinni gætti málsaðili ekki nægilega vel að hagsmunum viðskiptavina.

Íslandsbanki átti eingöngu átt að taka við tilboðum frá þeim fjárfestum sem voru skráðir sem hæfir fjárfestar í kerfum Íslandsbanka fyrir útboðið. Á þessu hefur verið skerpt í verklagsreglum þeirra eininga sem annast þjónustu við fjárfesta. Aukin áhersla verður lögð á hvernig nálgun við fjárfesta skuli háttað, í fræðslu og vinnuleiðbeiningum.

8. Upplýsingagjöf til viðskiptavina

Það er niðurstaða fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. 34. gr. mffl., sem felur í sér skyldur um upplýsingagjöf til viðskiptavina, með því að veita Bankasýslunni villandi upplýsingar um fyrirbyggjandi tilboð í tilboðsbókinni sem lögð var fyrir Bankasýsluna að kvöldi 22. mars 2022. Málsaðili hefur ekki sýnt fram á að Bankasýslan hafi verið upplýst um að almennir fjárfestar stæðu að baki tilboði Eignastýringar málsaðila og að tilboðin hafi verið lögð fram með sama hætti og tilboð viðskiptavina Verðbréfamiðlunar og Fyrirtækjaráðgjafar. Var með því látið að því liggja að tilboðið væri gert á grundvelli virkrar stýringar fyrir hönd viðkomandi viðskiptavina. Þar af leiðandi fékk Bankasýslan villandi upplýsingar um tilboð Eignastýringar í tilboðsbókinni. Af því leiðir að Bankasýslan fékk ekki upplýsingar um nöfn fjárfestanna og fjárhæð tilboða frá hverjum og einum þeirra, þrátt fyrir að upplýsingarnar lægju fyrir hjá málsaðila. Einnig fólst háttsemin í því að Bankasýslan fékk villandi upplýsingar um flokkun þátttakenda útboðinu í ljósi þess að níu þeirra viðskiptavina málsaðila sem stóðu að baki tilboðum í tilboðsbókinni sem lögð var til grundvallar rökstuddu mati Bankasýslunnar þegar útboðinu lauk, höfðu ekki fengið flokkun sem fagfjárfestar á því tímamarki. Háttsemi málsaðila fólst jafnframt í því að fullyrða við viðskiptavinum sem voru þátttakendur í útboðinu, í níu tilfellum, að lágmarksfjárhæð tilboða í útboðinu væri 20 milljónir króna, sem leiddi til þess að viðskiptavinir fengu rangar og villandi upplýsingar sem brýtur gegn skyldum málsaðila um upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Það er ekki niðurstaða bankans að starfsmenn hafi af ásetningu beitt blekkingum gagnvart seljanda eða viðskiptavinum.

Í tilboðsbók voru viðskiptavinir sem ekki voru flokkaðir sem hæfir fjárfestar í kerfum Íslandsbanka á þeim tímapunkti sem tilboð voru gerð.

Flestir viðskiptavinir eignastýringar voru almennir fjárfestar og viðskipti fyrir þeirra hönd voru ekki á grundvelli eignastýringarsamninga, heldur samkvæmt ákvörðun þeirra sjálfra og var Bankasýslan ekki upplýst um það sérstaklega. Starfsmenn töldu viðskiptin heimil á grundvelli ráðgjafarsamnings, þar sem eignastýringin, væri hæfur fjárfestir en samkvæmt niðurstöðu fjármálaeftirlitsins er það ekki heimilt, í ljósi þess að viðskiptavinur tekur í raun sjálfur ákvörðun um viðskiptin.

Þá veitti Íslandsbanki viðskiptavinum eignastýringar í einhverjum tilvikum rangar upplýsingar um að lágmarksfjárhæð tilboða í útboðinu væri 20 milljónir. Skilmálar útboðsins sögðu hins vegar með skýrum hætti að því skyldi einungis beint að hæfum fjárfestum án fjárhæðarmarka.

Almennt stendur yfir, og hefur þegar farið fram, endurskoðun verklagsreglna og vinnuleiðbeininga. Aukin áhersla verður lögð á þessa þætti í fræðslu og vinnuleiðbeiningum. Bankinn telur að fullnægjandi áhættumat og hagsmunaárekstragreining hefði komið í veg fyrir ofangreind mistök. Með endurskoðun verklagsreglna og vinnuleiðbeininga, þar sem skerpt er á reglum um framkvæmd áhættumats og greiningu hagsmunaárekstra, eins og að ofan greinir, mun bankinn tryggja að svona verklag verði ekki viðhaft aftur.

9. Skylda til að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi:

Athugun fjármálaeftirlitsins hefur leitt í ljós að málsaðili gerðist brotlegur við ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga, fylgdi ekki innri reglum og verklagi við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu til viðskiptavina, þá fór málsaðili ekki að settum skilmálum útboðs umbjóðanda síns og veitti þar að auki villandi og rangar upplýsingar til viðskiptavina sinna. Með framangreindri háttsemi er það mat fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt ákvæði 1. mgr. 33. gr. mffl. um að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmd útboðs Bankasýslu ríkisins á 22,5% hlut ríkisins í málsaðila hinn 22. mars 2022.

Allar þær brotalamir sem var að finna á framkvæmd útboðsins, leiða til þess að bankinn telst hafa brugðist þeirri skyldu sinni að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu. Fyrir liggur verkáætlun þar sem skilgreindir hafa verið þættir sem á að greina og endurskoða í umgjörð bankans um áhættustýringu og innra eftirlit. Undir verkefnið fellur:

- Endurskilgreining áhættuvilja fyrir ófjárhagslegar áhættur
- Greining á umboði og skipulagi nefnda
- Verkaskipting milli varnarlína verður rýnd
- Sett verða sértækari og endurbætt viðmið fyrir lykilferla áhættustýringar

10. Stjórnarhættir málsaðila

Með tilliti til niðurstöðu fjármálaeftirlitsins í öðrum köflum samkomulagsins er það mat fjármálaeftirlitsins að sú stjórn, sem var starfandi á tímabilinu sem athugunin tekur til, og bankastjóri málsaðila hafi ekki tryggt með fullnægjandi hætti að bankinn starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda og að innri reglum málsaðila sé fylgt. Stjórn og bankastjóri innleiddu ekki stjórnarhætti og innra eftirlit með fullnægjandi hætti sem tryggir skilvirka og varfærna stjórnun málsaðila og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra þannig að það stuðli að heilindum markaðarins og hagsmunum viðskiptavina né hafa tryggt að málsaðili uppfylli þær lagakröfur sem gilda um veitingu fjárfestingarþjónustu. Með hliðsjón af framangreindu er það mat fjármálaeftirlitsins að málsaðili hafi með háttsemi sinni brotið gegn 1. mgr. og 2. málslíð 3. mgr. 54. gr. ffl., sbr. 3. mgr. 10. gr. mffl., og 4. og 5. mgr. 10. gr. mffl. í ljósi þess að söluferlið sem athugunin tekur til varðar sölu á ríkiseign sem lýtur lögum um markaði fyrir fjármálagerninga um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og enn fremur með hliðsjón af því að í útboðinu voru hlutabréf í málsaðila sjálfum boðin til sölu hefði málsaðili, að mati fjármálaeftirlitsins, átt að gæta sérstaklega að því að sýna fagmennsku og vandvirkni í vinnubrögðum vegna aðkomu að söluferlinu sem og gæta sérstaklega að stjórnarháttum og innra eftirliti því tengdu. Gera verður sérstaklega ríkar kröfur til undirbúnings og framkvæmdar að öllu leyti þegar um er að ræða útboð á hlutabréfum í banka í meirihlutaeigu ríkisins, sér í lagi þegar notuð er söluaðferð sem gerir ekki ráð fyrir að almenningur eigi kost á þátttöku.

Íslandsbanki ítrekar að bankinn harmar þá ágalla sem fram hafa komið í niðurstöðu rannsóknar fjármálaeftirlitsins og lítur þá alvarlegum augum. Bankinn mun leggja sig fram við að styrkja áhættumenningu í bankanum og bregðast hratt og vel við þeim úrbótakröfum sem fjármálaeftirlitið hefur sett fram.